

Stjórnarfundur í Grímshaga haldinn á Hvanneyri 6. nóvember 2014

Mætt eru Þóroddur Sveinsson (ÞS), Pétur Diðriksson (PD), Lárus Pétursson (LP), Guðrún Sigurjónsdóttir (GS), Jón Hallsteinn Hallsson (JHH) sem ritaði fundargerð.

Fundur nýrrar stjórnar og framkvæmdastjóra með fráfarandi stjórnarformanni Guðrónu Sigurjónsdóttur.

GS: Fór í gegnum skjöl tilheyrandi stjórnarformannshlutverkinu og afhenti ÞS með tilheyrandi umræðum um einstök skjöl. ÞS óskar eftir sundurliðun á tíma sem fer í einstaka vinnuþætti starfsmanna Grímshaga.

GS: Með líkan frá Þorvaldi T. Jónssyni sem lýsir grunnþáttum rekstrar – heimavinna stjórnarmanna að fara yfir skjalið og kynna sér.

GS: Telur vanta tengingu í fjósið, sambærilegt við Eyjólf Kristinn Örnólfsson sem tengiliður á Hesti. Fjósið afskipt, áhugaleysi innan og utan skólans.

PD: Grundvallar atriði að snúa við rekstrinum á fjósinu. Þannig eykst virðing fyrir starfsemi.

PD: Mikilvægt að virkja þá nemendur sem hafa áhuga á nautgriparæktinni.

PD: Mikilvægt að hagræða í vinnu og fá sundurliðun á vinnuþættinum.

GS: Fyrirliggjandi verkefni að fara yfir endurnýjunarþörf í í tækjum í samstarfi Lbhí og Grímshaga.

LP: Lausafjárstaðan betri nú en á samatíma undanfarin tvö ár.

GS: Heimasiðan. Mikilvægt að viðhalda síðunni með nýjustu upplýsingum (sjá síðu hér: <http://www.lbhi.is/?q=is/grimshagi>).

ÞS: Skjalasafn félagsins þarf að geyma miðlægt með einhverjum hætti. Tillaga að nota dropbox.

GS vikur af fundi 11:40.

LP: Fortíðarvandi Grímshaga frá stofnun, vegna kaupa á tækjum og kvóta.

Samstarfssamningur Lbhí og Grímshaga ræddur. LP telur ekki að samstarfssamningurinn sé íþyngjandi fyrir rekstur Grímshaga.

Gengið til dagskrár hefðbundins stjórnarfundar

1. Gerðarbók síðasta fundar lesin og samþykkt

Gerðarbók síðasta fundar lesin og samþykkt af öllum fundarmönnum

2. Starfsreglur stjórnar

Starfsreglur stjórnar ræddar og samþykktar með breytingu á 5. grein. JHH talar við Hjört um aðgang að vef félagsins með það fyrir augum að koma fundargerðum hratt og örugglega á netið. Starfsreglur verði jafnframt birtar á vef félagsins eins fljótt og auðið er.

Hádegishlé

3. Greinargerð og kynning LP á rekstrarstöðu félagsins

LP: Fór yfir rekstrarreikning ársins 2013 og reksturinn það sem af er ári 2014.

4. Umræður um greinargerð framkvæmdastjóra

Staða Hestsbúsins rædd sérstaklega. Tap Grímshaga liggur þar að umtalsverðu leyti. Nauðsynlegt er að fá nýjan grunn undir þennan hluta rekstursins. Það er því mikilvægt að ræða framtíð Hestsbúsins innan yfirstjórnar Lbhí og meðal starfsmanna sem koma að sauðfjárrannsóknum. Ein leið til lausnar er að fylgja Möðruvallamódelinu, þ.e. leigu á sauðfjárþúinu með samning um nýtingu á aðstöðu.

Umræða um heyskap og gæði fóðurs. Mikilvægt að ná gæðaheysi til að draga úr kjarfóðurkaupum.

Stjórn Grímshaga telur forgangsatriði að starfsmenn fái laun sín greidd og því sé mikilvægt að gera upp ógreidd laun sem allra fyrst.

Stjórn Grímshaga telur eðlilegt að greiðslur vegna hlunninda tilheyri rekstri jarðanna þó svo að þær gangi til landeiganda sem leigugreiðslur.

Stjórn Grímshaga telur óeðlilegt að flytja fé úr mjólkurframleiðslu Grímshaga til niðurgreiðslu á öðrum hlutum félagsins.

5. Önnur mál

Umræða um launakjör fulltrúa í stjórn – mikilvægt að fulltrúar í stjórn, sem ekki eru jafnframt starfsmenn Lbhí, fái a.m.k. greiddan útlagðan kostnað, t.d. vegna ferða til og frá Hvanneyri.

Fleira ekki gert og fundi slitið.